

„Hvað er það mesta, sem þér hafið nokkru sinni fengið, bræður mínir“, spurði prestur.

„Tuttugu og fimm dalir og fimtíu og fjögur cents“, svaraði eg.

„Já, vér skulum hafa það í huga; vér verðum að reyna að hafa það meira ef hægt er“.

Svo messaði hann bæði um morguninn og eftir hádegið. Ræðurnar voru báðar mikið góðar, svo jafnvel bróðir Rikáll varð meira en orðsins heyrandi. Hann hrópaði endrum og eins: A-næn, þegar prestur lýsti fordæmingu þeirri, sem illgerðamenn eiga í vændum. Þær voru voðalegar. En það gerði okkur ósegjanlega mikið gott að heyra það, við vissum hvort sem var, að við tilheyrðum þeim útvöldu og þurftum engar áhyggjur að bera. Svo kom kveldmessan. Litla kapellan var troðfull og eg játa, að það var sjón sem gladdi gedið.

Prestur talaði mikið um kyrkjusjóðinn, og undir það síðasta fór hann að ympra máls á samskotunum. Alt í einu segir hann mjög vingjarnlega og brosandí:

„Kæru vinir. Eg vildi að þessi dagur gæti orðið ykkur eftirminnilegur örlætisdagur. Oss er sagt að þér hafið aldrei safnað meira en \$25 nokkurn sunnudag enn sem komið er. Vér verðum að gera betur í kveld. Í morgun og nú eftir hádegið hafa samskotin orðið að samtöldu \$15.36. Nú skulum vér segja yður hvað vér skulum gera yður til upphvatningar, að þér þess fúsari framberið drottni yðar offur. Vér komum hér í dag með \$5 seðil. Vér létum hann ekki á offurdiskinn í morgun; vér létum hann ekki á offurdiskinn eftir hádegið í dag. En hann er í vasa vorum enn. En ef þér nú hafið samskotin upp í \$45 í dag, skulum vér gefa þenna seðil, svo það verði réttir \$50. En ef ekki“, bætti hann við brosandí, „þá fer þessi seðill heim með oss í kvöld, og þér sjáið hann aldrei framar. En syngjum nú offursálminn, kæru bræður, og látið nú sjá hvað þér getið“.

Páll djákni sat við hliðina á mér og gaf mér olnbogaskot.

„Þetta eru hans brögð“, hvíslaði hann. „Nú skil eg hvað þeir áttu við í Burchester, er þeir sögðu mér að hafa gætur á \$5